

Stjórnarfundur 296

FUNDARGERÐ

Dagsetning	Fundarstaður	Nr. fundar
21.03.2024		Stjórnarfundur 296
Fundarritari	Fundartími	
Hilda Jana Gísladóttir	13:30 – 14:55	
Stjórn	Fjarverandi	
Hlynur Jóhannsson, formaður Geir Kristinn Aðalsteinsson Hilda Jana Gísladóttir Jana Salóme Ingibjargar Jósepsdóttir, fyrir Sif Jóhannesar Ástudóttur Þórhallur Jónsson Þórunn Sif Harðardóttir, áheyrnarfulltrúi	Sif Jóhannesar Ástudóttir	
Starfsfólk		
Eyþór Björnsson, forstjóri Kristín Brynjudóttir, fjármálastjóri		
Gestir		
Dan Brynjarsson, fjármálastjóri Akureyrarbæjar Þorsteinn Þorsteinsson, endurskoðandi		

Dagskrá fundar:

1. Virðisrýrnunarpróf og reikningskilaaðferð Norðurorku

2. Önnur mál

1. Virðisrýrnunarpróf og reikningsskilaaðferð Norðurorku

Dan Brynjarsson, fjármálastjóri Akureyrarbæjar og Þorsteinn Þorsteinsson, endurskoðandi, sátu fundinn. Kristín Brynjudóttir, fjármálastjóri Norðurorku var í fjarfundi.

Ljóst er að rafveita og fráveita koma mjög illa út úr virðisrýrnunarprófi árið 2023. Endurskoðandi Norðurorku hf. fór yfir ástæður þess að þessi aðferð var tekin upp á sínum tíma, árið 2009, og sýndi hvaða áhrif virðisrýrnunarpróf veitnanna hefur á ársreikning félagsins nú.

Þegar virðisrýrnunarpróf var gert fyrir árið 2022 þá komu allar veitur, aðrar en vatnsveita, neikvætt út úr því prófi. Þá voru til á endurmatsreikningi nægir fjármunir til að færa á móti þeirri virðisrýrnun. Nú er endurmatsreikningur með litla innistæðu sem dugar engan veginn á móti þeirri virðisrýrnun sem af virðisrýrnunarprófinu leiðir. Af þeim sökum þyrfti að gjaldfæra virðisrýrnunina á rekstur. Miðað við þá niðurstöðu myndi þessi reikningsskilaaðferð, þ.e. virðismat veitna, leiða til þess að tæplega 600 milljón króna hagnaður yrði rúmlega 500 milljón króna tap.

Það liggur fyrir að með því að beita endurmatsaðferð þá er Norðurorka að taka á sig sveiflur sem ráðast af utanaðkomandi þáttum sem er ekki á færi fyrirtækisins að stýra eða hafa áhrif á. Eiginfjárstaða Norðurorku er sterk og vandséð að endurmat rekstrarfjármuna skili ávinningi fyrir félag í þeirri starfsemi sem Norðurorka er. Sjóðstreymi skiptir megin máli í rekstri Norðurorku og endurmatsaðferð hefur engin áhrif á sjóðstreymi. Erfitt er að koma auga á kosti við að viðhafa þessi reikningsskil hjá Norðurorku.

Stjórn samþykkir að hætta að beita endurmatsaðferð í reikningsskilum og bakfæra endurmat fyrri ára.

2. Önnur mál

Engin önnur mál voru rædd.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:55